



Aðalfundur Golfklúbbs Akureyrar fyrir rekstrarárið 2018/2019

Haldinn að Jaðri 28. nóvember 2019 kl. 20:00

Bjarni Þórhallsson, formaður GA, setti fundinn og bauð félagi velkomna.

Dagskrá aðalfundar:

1. Kosning fundarstjóra og ritara.
2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
3. Ársreikningur lagður fram til samþykkis.
4. Umræður og atkvæðagreiðsla um tillögur skv. 9. grein.
5. Kosning stjórnar og varmanna í stjórn GA.
6. Kosning í nefndir á vegum klúbbsins. (hér eru bara bornar upp GSÍ nefndir, Vallarnefnd, kappleikjanefnd, forgjafarnefnd og aganefnd)
8. Kosning skoðunarmanna ársreiknings.
9. Ákvörðun árgjalds skv. 4 grein.
10. Lagabreytingar
11. Önnur mál. Undir liðnum önnur mál gerir gjaldkeri grein fyrir rekstraráætlun næsta árs.

Formaður tilnefndi fundarstjóra og ritara. Tilnefning samþykkt með lófaklappi. Fundarstjóri var kosinn Ólafur Rúnar Ólafsson og fundarritari var Skúli Eyjólfsson. Formaður gaf fundarstjóra orðið.

Fundarstjóri tók til máls og fór yfir boðun fundarins og kallaði eftir athugasemdum um boðun hans. Engar athugasemdir komu og úrskurðaði hann aðalfundinn löglegan og var gengið til dagskrár. Fundarstjóri bar upp tillögu um að breyta röðun dagskrárliða á þann veg að liður nr. 5 og 6 yrðu færðir afturfyrir önnur mál sem er nr. 11 í röðinni í dagskrá aðalfundar. Tillaga samþykkt.

Skýrsla stjórnar:

Bjarni Þórhallsson, formaður, byrjaði á því að minnsast látinna féлага og fór í gegnum skýrslu stjórnar sem birt hefur verið á heimasíðu GA.

Ársreikningur lagður fram til samþykkis:

Steindór, framkvæmdarstjóri, gerði grein fyrir ársreikningi GA.

Steindór fór í gegnum ársreikning GA fyrir starfsárið 2018/2019. Hagnaður ársins var 1.090.228 kr eftir fjármagnsliði, samanborið við 530.620 kr hagnað árið áður. Ársreikningur er birtur á heimasíðu GA. Steindór gaf fundarstjóra orðið.

Rekstrartekjur jukust um 17 millj á milli ára en hækkun dreifðist jafnt yfir alla liði sem eru undir rekstartekjum. Rekstrargjöld eru einnig upp um ca 17 millj á milli ára en þar er helst hækkun í liðnum stjórnun og afgreiðsla. Niðurfærsla viðskiptakrafna er þar 3.500.000 kr.

Búið er að greiða lán niður um rúmar 13 milljónir með tilliti til að það var tekið nýtt lán á árinu. Heildarlaun jukust um 500.000 kr en launatengd gjöld jukust um tæplega 5 millj. Ebitda rúmar 22 milljónir kr.

ÖRÓ SSE

Umræða um ársreikning:

Gestur Gestsson kom með spurningu um rekstur golfbúðarinnar og spurði hvort það væri tap á rekstrinum. Bjarni svaraði því að svo væri og það þyrfti að hækka álagningu örlítið til að koma á mótis við flutningskostnað.

Ársreikningur var borinn fram til samþykktar og hann samþykktur.

Fundarstjóri bar fram tillögu um skoðunarmenn ársreiknings:

Skoðunarmenn ársreiknings fyrir rekstrarárið 2019-2020: Sveinn Pálsson og John Júlíus Cariglia
Tillaga var samþykkt með lófaklappi.

Tillaga árgjalda 2019/2020.

Borin var upp tillaga að árgjöldum, svohljóðandi.

Flokkar	2019	2020
27-66 ár	97.500 kr	102.500 kr
67 ár og eldri	80.000 kr	84.000 kr
19-26 ára	52.500 kr	55.500 kr
15-18 ára	42.500 kr	44.500 kr
11-14 ára	32.500 kr	34.000 kr
10 ára og yngri	27.500 kr	29.000 kr
Nýliðar	68.000 kr	75.000 kr

*Þeir sem greiða árgjald fyrir 15. mars fá áfyllingu á kortið sitt í klöppum að verðmæti 4.000 kr

Fundarstjóri bar tillöguna upp til atkvæða og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Lagabreytingar:

Ekki komu neinar tillögur að lagabreytingum.

Önnur mál

Rekstraráætlun fyrir árið 2019/2020

Steindór fór í gegnum rekstraráætlun næsta starfsárs GA, áætlunin gerir ráð fyrir hagnaði upp á 4.610.949 kr eftir fjármagnsliði þar sem tekjur eru áætlaðar kr. 162.000.000 samanborið við 152.200.750 árið 2018/2019. Gjöld eru áætluð 149.358.009 kr samanborið við 143.079.480 kr árið áður.

Verðlaun og viðurkenningar 2018/2019

Golfkennari GA, Heiðar Davíð Bragason, kom upp og afhenti Starkarði Sigurðsyni háttvísibika GA. Kylfingur ársins var valinn Örvar Samúelsson en hann er klúbbmeistari GA.

Anton Þorsteinsson kom upp og veitti verðlaun fyrir GA deildina sem var haldin í fyrsta skipti sumarið 2019.

ÞÓ
SSC

Jaðar allt árið – kynning á uppbyggingu

Jón Steindór kom upp og kynnti varkefnið „Jaðar allt árið“ þar sem horft er til uppbyggingar á inniaðstöðu GA á svæði Golfklúbbs Akureyrar. Kynninguna má finna á heimasíðu GA.

Fundarstjóri gaf fundargestum orðið.

Eiður kom með spurningu um losunarsvæðið á gamla æfingasvæðinu eða á svæðinu við hlið 17 brautar, sagði hann svæðið líkjast ruslahaug.

Bjarni, formaður, svaraði fyrirspurninni á þann veg að það er búið að ræða þessi mál við bæjaryfirvöld.

Fundarstjóri lokar mælendaskrá.

Kosið var í stjórn og nefndir GA.

Aðalstjórn

- | | |
|--------------------------------------|-----------|
| • Formaður – Bjarni Þórhallsson | Eitt ár |
| • Varaformaður: kosning | Fyrra ár |
| • Ritari: kosning | Fyrra ár |
| • Gjaldkeri: Guðlaug M. Óskarsdóttir | Seinna ár |
| • Meðstjórnandi: Eygló Birgisdóttir | Seinna ár |

Varamenn í stjórn

- | | |
|-----------|---------|
| • Kosning | Eitt ár |
| • Kosning | Eitt ár |

Fundargestir eru 55 talsins. Eftirfarandi aðilar hafa boðið sig fram í stjórn GA.

Í kosningu í aðalstjórn, tvö sæti:

- Jón Steindór Árnason
- Skúli Eyjólfsson
- Sturla Höskuldsson

Varamenn í stjórn, tvö sæti:

- Vigfús Ingi Hauksson
- Viðar Valdimarsson
- Sturla Höskuldsson

Eftir kosningu var niðurstaðan eftirfarandi.

Aðalstjórn – 53 kjörseðlum skilað inn:

- Jón Steindór Árnason – 42 atkvæði
- Skúli Eyjólfsson – 48 atkvæði
- Sturla Höskuldsson – 16 atkvæði

Varamenn – 51 kjörseðlum skilað inn:

- Sturla Höskuldsson – 17 atkvæði
- Vigfús Ingi Hauksson – 41 atkvæði

ÞRÓ
SSE

- Viðar Valdimarsson – 44 atkvæði

Stjórn GA fyrir rekstrarárið 2019/2020 er því eftirfarandi:

Aðalstjórn

- Formaður – Bjarni Þórhallsson Eitt ár
- Varaformaður: Jón Steindór Árnason fyrra ár
- Ritari: Skúli Eyjólfsson fyrra ár
- Gjaldkeri: Guðlaug M. Óskarsdóttir Seinna ár
- Meðstjórnandi: Eygló Birgisdóttir Seinna ár

Varamenn í stjórn

- Viðar Valdimarsson Eitt ár
- Vigfús Ingi Hauksson Eitt ár

Kosið í nefndir – tillaga uppstillinganefndar

Vallarnefnd:

- Jón S. Hansen
- Jón Steindór Árnason
- Heimir Jóhannsson
- Sverrir Þorvaldsson
- Halla Sif Svavarsdóttir
- Þórunn Haraldsdóttir
- Karl Guðmundsson
- Sturla Höskuldsson

Kappleikjanefnd:

- Jón Heiðar Sigurðsson - formaður
- Baldur Ingi Karlsson
- Arinbjörn Kúld

Forgjafar og aganefnd:

- Björn Axelsson - formaður
- Stefán Jónsson
- Eiður Stefánsson

Arctic open nefnd

- Jón Heiðar Sigurðsson – formaður
- Viðar Valdimarsson
- Halla Sif Svavarsdóttir
- Baldur Ingi Karlsson
- Eygló Birgisdóttir

Afreks og unglínganefnd

- Anton Ingi Þorsteinsson – formaður
- Valur Guðmundsson
- Harpa Hafbergdóttir

ÞRÓ SSE

- Ágúst Ingi Axelsson
- Heiða Sigurðardóttir

Húsanefnd

- Þorsteinn Konráðsson
- Baldur Ingi Karlsson

Öldunganefnd

- Halla Sif Svavarsdóttir
- Sigurður Samúelsson

Ekki komu önnur framboð í stjórnir félagsins og því var tillagan samþykkt.

Fundarstjóri fékk umboð fundarins fyrir starfsmenn hans að ljúka við ritun fundargerðar. Hann gefur nýkjörnum formanni orðið. Bjarni fer yfir nokkur mál, þakkaði fyrir sig og sleit fundinum.

Fundi slitið 21:42

Fundaritari: Skúli Eyjólfsson

Fundarstjóri: Ólafur Rúnar Ólafsson

Ólafur R. Ó.
Skúli Eyjólfsson

